

Orkugarður  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík.

Reykjavík, 16. apríl 2010  
71.0

**Varðar: Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði – 2. áfangi, Niðurstöður faghópa**

Landsnet hefur kynnt sér niðurstöður faghópa vegna 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Landsnet fagnar þeirri vinnu sem unnin er á vegum stjórnavalda með það að markmiði að leggja mat á og flokka virkjunarkosti á faglegum grunni. Þegar niðurstöður rammaáætlunar liggja fyrir og hafa fengið lögformlega stöðu mun skapast gleggri framtíðarsýn um vernd og nýtingu lands sem gagnast mun Landsneti vel í forgangsröðun við uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi.

Landsnet vill benda á tvö atriði sem snúa sérstaklega að flutningskerfi rafmagns frá þeim virkjunarkostum sem til skoðunar eru í 2. áfanga rammaáætlunar.

**Niðurstöður faghóps II**

Með vísun í kort „*Skipting landsins í ferðasvæði – með hliðsjón af virkjunarhugmyndum 2. áfanga rammaáætlunar*“: Faghópur II hefur valið að draga beina línu stystu leið frá virkjunarstað að tengistað í núverandi flutningskerfi og byggja einkunnagjöf tengingar á skörun þeirrar línu um ferðasvæði. Lega flutningslína eftir rannsóknar- og matsferli getur allt eins lent á öðrum svæðum en þarna er sýnt. Miðað við þá aðferðafræði sem faghópur II notar myndi slík hliðrun eða breyting á línuleið geta gjörbreytt niðurstöðu einkunnagjafar tiltekinna tenginga.

**Niðurstöður faghóps IV**

Með vísun í töflu 5.4 „*Verðforsendur kostnaðarútreikninga vegna raflínutenginga virkjunarkosta við flutningskerfi Landsnets. Uppsetning: Verkfraðistofan Mannvit*“: Landsnet vekur athygli á að einingaverð 66 kV jarðstrengja og 132 kV loftlína er talsvert lægra en meðaltals einingaverð sem Landsnet miðar við á undirbúningsstigum verkefna. Þar sem um er að ræða lagningu strengja og loftlína um mjög fjölbreytt landsvæði getur framkvæmdakostnaður slíkra verka verið mjög breytilegur.

Landsnet vill einnig benda á að kostnaður vegna tengingar virkjana við tengivirkni, sbr. töflu 5.4, virðist einungis miða við einn rofareit. Í mörgum tilvikum má gera ráð fyrir að þörf sé á þremur rofareitum vegna tengingar nýrrar virkjunar. Þetta hefur þær afleiðingar að kostnaður tengivirkis getur orðið þrefaldur á við það sem fram kemur í töflunni. Einnig liggur kostnaðarleg óvissa í því að ekki liggur fyrir útfærsla (teinafyrirkomulag) tengivirkis sem hefur umtalsverð áhrif á kostnað.

Virðingarfyllt,



Þórður Guðmundsson  
forstjóri